

Tvöfalt meiri eignir en að meðaltali í OECD

● Eign íslenskra lífeyrissjóða 129% af landsframleiðslu í árslok 2011 ● Raunávöxtun meiri en í flestum ríkjum OECD

Hörður Aegisson
hordur@mbl.is

Eignir íslensku lífeyrissjóðanna eru hátt í tvöfalt meiri en að meðaltali í öðrum OECD-löndum. Í árslok 2011 námu eignir íslenskra lífeyrissjóða tæplega 129% sem hlutfall af vergri landsframleiðslu, en vegið meðaltal í ríkjum OECD var hins vegar ríflega 72%.

Þetta er á meðal þess sem kemur fram í grein Björns Z. Ásgrímssonar, sérfræðings í áhættugreiningu hjá Fjármálaeftirlitinu, í nýju tölublaði Fjármála, vefrits FME.

Prátt fyrir að vegið meðaltal eigna sjóðanna hafi verið nokkru herra í

árslok 2011 en við upphaf aldarinnar – 72,4% borið saman við 67,3% í árslok 2001 – er þetta hlutfall samt enn mjög lágt í mörgum ríkjum. Í um helmingi landa OECD er hlutfallið undir 20%. Aðeins þrjár þjóðir – Holland, Ísland og Sviss – eru með umrætt hlutfall herra en 100%.

Á það er bent í grein Björns að raunávöxtun íslensku lífeyrissjóðanna á síðasta ári, sem var 2,3%, hafi verið umtalsvert betri en í flestum öðrum ríkjum OECD. Meðaltal raunávöxtunar lífeyrissjóðanna árið 2011 var neikvætt um 1,7% – en mest var raunávöxtun í Danmörku en minnst í Tyrklandi.

Fjárfestingar lífeyrissjóða í hluta-

bréfum eru í sögulegu lágmarki og lækkaði þetta hlutfall talsvert árið 2011. Í engu ríki námu hlutabréf meira en 50% af eignum sjóðanna. Ísland er hins vegar nálægt miðgildi í þessum eignum, en 20% eigna lífeyrissjóða hér á landi eru í hlutabréfum.

Í grein Björns er ennfremur vakin athygli á því að þegar lítið er til erlendra eigna í eignasöfnum lífeyrissjóða í löndum OECD þá sést greinilega að erlendar fjárfestingar íslenskra lífeyrissjóða eru verulega minni en flestra annarra sjóða innan OECD. Í árslok 2011 var hlutdeild erlendra eigna tæp 25% af heildareignum íslenskra lífeyrissjóða, sem er svipað og í Noregi og Danmörku.

